

SOS BARNAPORPIN

FRÉTTAÐ 2. TBL. 22 ÁRG. 2016



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



HEIMSÓKNIR

Það getur orðið lífligt hér á skrifstofunni okkar og við fáum reglulega heimsóknir frá fólki sem vill styrkja SOS Barnaþorpin. Skemmtilegast finnst okkur að fá heimsóknir frá börnum. Á vormánuðum fengum við heimsókn frá sólblómaleikskólunum Furugrund, Efstahjalla og Arnarsmára, og grunnskólanum Hofstaðaskóla.

Flestir sólblómaleikskólar styðja ákveðið barn, líkt og styrktarforeldrarnir okkar gera, og safna fyrir framlögunum með ýmsum hætti. Nokkrir styrkja ekki ákveðið barn en gefa frjáls framlög.

Krakkar frá leikskólanum Furugrund komu með framlag sem þau höfðu safnað í útskriftarferðinni sinni, en krakkarnir fara í grunnskóla í haust. Framlagið fór beint til styrktarbarns leikskólans, hennar Nishu sem býr í Nepal.

Við fengum Efstahjallabörn til okkar með framlag fyrir styrktarbarnið þeirra, Chancelline frá Kongó. Framlaginu höfðu börnin safnað um veturinn með því að selja myndir og vera með bauk sýnilegan sem foreldrar og forráðamenn gátu gefið í.

Útskriftarbörn úr leikskólanum Arnarsmára komu með heimatilbúinn sólblómabauk sem þau höfðu safnað í á vorhátíð leikskólans. Þetta er fyrsti veturinn sem Arnarsmári tekur þátt og söfnunarféð var gefið sem frjálst framlag.

Krakkar úr fjórða bekk í Hofstaðaskóla gáfu samtökunum framlag sem þau höfðu safnað eftir að hafa haldið tombólu. Fjölskyldur tveggja barnanna eru styrktarforeldrar og krakkarnir voru afar áhugasamir um samtökin.





FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Íslendingar vilja hjálpa

Enn einu sinni sýna Íslendingar velvilja sinn í verki. Aldrei hafa fleiri Íslendingar styrkt munaðarlaus og yfirgefin börn í SOS Barnabörpum og aldrei hafa framlög til samtakanna verið hærrí. Reyndar endurspeglar þessi þróun hjartalag þjóðarinnar eins og það kom fram í könnun sem utanríkisráðuneytið lét gera fyrir þremur árum. Þar kom í ljós mikill stuðningur við hjálparstarf erlendis.

Stuðningur þjóðarinnar við SOS sýnir líka að landinn áttar sig á mikilvægi þess að öll börn þurfa að fá að alast upp á góðu heimili þar sem þau fá þörfum sínum mætt með hlýju og öryggi. Út á þetta gengur starfsemi SOS Barnabörpna og í dag erum við með yfir 80.000 foreldralaus börn í hreiðrinu.

Lágur rekstrarkostnaður

Í fyrra námu framlög til SOS Barnabörpna hér á landi rúmum 473 milljónum króna. Metnaður okkar liggur ekki aðeins í gæðum hjálparstarfs heldur viljum við líka að kostnaður hér heima sé sem lægstur því þannig getum við sent meira til barnanna. Þannig fóru 85% af öllum okkar útgjöldum í fyrra til útlanda til að tryggja framfærslu barna og í ýmis verkefni samtakanna í yfir hundrað löndum.

Þetta þýðir að rekstrarkostnaður okkar hér á landi nam aðeins 15% og með því að skoða ársreikninga annarra barnahjálparsamtaka hér á landi sjáum við að SOS Barnabörpin eru einu samtökin með undir 20%. Við finnum að styrktaraðilar eru ánægðir með lágan rekstrarkostnað SOS og munum því halda áfram á sömu braut.

Ulla Magnússon

Ulla Magnússon, fyrsti formaður og starfsmaður SOS Barnabörpna á Íslandi, lést sl. vor. Ég átti þess kost að hitta hana reglulega á líknardeild Landspítalans áður en hún kvaddi og fórum við þá m.a. yfir fjármálin. Ulla var mjög ánægð þegar hún sá hve stór hluti fjárins fór til barnanna en hún lagði alltaf áherslu á ráðdeild og sparsemi svo hægt væri að senda sem mest af fjármagninu út. Ulla verður sárt saknað og munum við halda minningu hennar á lofti og starfa áfram í hennar anda, barnanna vegna.

Ekki bara foreldralaus börn

Á undanförunum árum hafa SOS getað hjálpað æ fleiri börnum sem ekki eru munaðarlaus en eiga á hættu aðskilnað við foreldra sína. Þessum börnum og brothættum fjölskyldum þeirra hjálpum við með Fjölskylduefingu og í dag njóta yfir 400.000 börn stuðnings með þeim hætti. Markmiðið er að foreldrarnir (oftast einstæðir) geti aflað sér tekna og mætt þörfum barna sinna án utanaðkomandi stuðnings.

Ragnar Schram



Útgefandi: SOS Barnabörpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Halla Þórey Victorsdóttir
Heimilisfang: SOS Barnabörpin
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is
Umbrot: Hype Markaðsstofa
Prentun: Oddi
Prófarkalestur:
Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Mynd af SOS-systrum
í Barnabörpinu í Bakoteh í Gambíu.
Ljósmyndari: Claire Ladavicius

VERKNÁMSSKÓLAR SOS BARNABORPANA SKAPA TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK

Þó svo að barnaborpin hafi verið aðalsprautan í starfsemi SOS Barnaborpanna frá stofnun samtakanna er ýmislegt annað í boði á þeirra vegum fyrir börn og foreldra í neyð. Grunnskólar og leikskólar SOS Barnaborpanna eru opnir fyrir öll börn í nágrenni skólans, samfélagsmiðstöðvar bjóða upp á daggæslu og ýmis konar námskeið fyrir foreldra, heilsugæslustöðvar eru byggðar þar sem fólk hefur ekki aðgang að læknaaðstoð, neyðaraðstoð er veitt þar sem þörf er á og fjölskyldueflingin breiðist ört út, en á síðasta ári fékk um hálf milljón manns aðstoð í gegnum eflinguna.

Hér gefum við dæmi um enn annað verkefni SOS Barnaborpanna: Verknámsskóla samtakanna. Verknámsskólarnir eru nú 63 talsins og 17,200 nýttu sér þjónustu skólanna á síðasta ári. Skólarnir bjóða ungu fólki upp á hagnýta menntun sem gefur þeim atvinnu- og nýsköpunartækifæri. Skólarnir eru flestir í Afríku, Asíu og Austur-Evrópu, og eru staðsettir þar sem atvinnuleysi er hátt. Í nýrri stefnu Alþjóðasamtaka SOS Barnaborpanna til 2030 er lögð mikil áhersla á aukinn stuðning við ungt fólk og sköpun atvinnutækifæra fyrir þau, og því mun áhersla á verknámsskólana að öllum líkindum aukast í náninni framtíð.

Rose á Haítí

Rose Lourdes er 34 ára gömul og á eina dóttur. Rose ólst upp hjá frænkum sínum vegna þess að foreldrar hennar gátu ekki séð fyrir öllum börnum sínum. Þegar Rose gifti sig var hún á öðru ári í klassískum fræðum, en þurfti að hætta sökum þess að fjölskylda hennar, sem hafði stutt námið, hætti stuðningi sínum vegna þess að þeim líkaði ekki við eiginmannsefni hennar. Hún komst þó fljótlega inn í snyrtifræðideildina hjá verknámsskóla SOS Barnaborpanna í Cap-Haïtien og fann sig þar. Hún stóð sig svo vel að hún fékk starf hjá deildinni eftir útskrift og starfar nú þar sem kennari. Hún getur nú vel séð fyrir dóttur sinni og lítur björtum augum á framtíðina, en hana langar til að verða hönnuður. Hún segir starfsreynsluna og námið hjá verknámsskólanum muni koma sér vel í framtíðinni enda sé um gæðastofnun að ræða.

Elizabeth og Jenny í Nígíeríu

Elísabet varð ein eftir með barnabörnin sín þrjú þegar dóttir hennar lést. Eiginmaður dótturinnar hvarf eftir andlátið. Elísabet var hætt að vinna og því var afar erfitt fyrir fjölskylduna að lifa af. Barnabörnin Alex og Jenny þurftu að hætta í skóla og fjölskyldan lifði á stuðningi frá meðlimum kirkju fjölskyldunnar. Sá stuðningur var óreglulegur og dugði skammt. Þetta var árið 2012.

SOS Barnaborpin sáu aðstæður fjölskyldunnar og hófu stuðning við hana á vegum fjölskyldueflingarinnar. Axel fór aftur í skóla og flutti svo til ættingja en Jenny fór í verknámsskóla á vegum SOS þar sem hún lærði veisluþjónustu. Hún stóð sig svo vel að hún fékk starf í fyrirtæki þjálfara síns eftir útskrift. Elizabeth fór sjálf að selja sópa og kerti og saman hafa Elizabeth og Jenny búið til stöðugt heimili þar sem þriðja barnabarnið, nú þriggja ára gamalt, vex upp í öruggu umhverfi.



Rose kennir nú snyrtifræði



Elizabeth, Jenny og fjölskylda

Charles í Sambíu

Charles er 21 árs gamall og fæddist í Lusaka, höfuðborg Sambíu. Líf hans breyttist mikið þegar foreldrar hans skildu og hann varð eftir hjá föður sínum. Lífið var erfitt með föðurnum en árið 2001 fékk móðir hans forræði yfir öllum börnum sínum. Charles var ánægður með að komast til móður sinnar en nú sá hún fyrir 6 börnum og tekjur fjölskyldunnar voru ekki miklar. Fjölskyldan stritaði fyrir lífi sínu í tíu ár þar til SOS Barnaþorpin komu til sögunnar. Þá var Charles orðinn 17 ára. Með aðstoð SOS gat Charles farið í menntaskóla og fékk svo styrk til að fara í eins árs rafiðnaðarnám í Verknámsskóla SOS í miðborg Lusaka. Charles gengur mjög vel í skólanum og kennari hans segir hann vera afar hæfileikaríkan. Allt bendir til að hann klári námið á árinu. Fjölskyldan fékk nýlega þær gleðifréttir að Lucky, yngsti bróðir Charles, hefur fengið styrk til að hefja nám við sama skóla í ár.



Charles ásamt fjölskyldu sinni

FJÖLSKYLDUVINAFRÉTT



Augusto og Fani



BÚA TÓLF SAMAN Í HERBERGI

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa séð um fjölskyldueflingu í Gíneu Bissá frá árinu 2012. Verkefnið miðar að því að aðstoða sárafátækar fjölskyldur við að koma undir sig fótum og öðlast sjálfstæði. Meginmarkmið verkefnisins er að sporna við aðskilnaði barna og foreldra þar sem möguleiki er á og gefa sárafátækum fjölskyldum tækifæri á að hafa stöðuga innkomu.

Styrkþegar í fjölskyldueflingunni eru oftast fundnir með úttekt á aðstæðum barna og könnun á fátækustu svæðunum í kringum Barnaþorp SOS. Þó fá fjölskyldur einnig aðstoð frá fjölskyldueflingunni í gegnum óformlegri leiðir, til dæmis þegar fjölskyldur hafa samband við SOS Barnaþorpin að eigin frumkvæði eða þegar ábendingar um fjölskyldur í erfiðum aðstæðum berast til SOS Barnaþorpanna.

Þjuggu við óviðunandi aðstæður

Augusto Ncada er 64 ára ekill og fyrrum

rafvirki frá höfuðborginni Bissá. Eiginkona hans lést eftir langvarandi veikindi fyrir tólf árum. Augusto á alls átta börn og tvö barnabörn og saman búa þau öll í einu herbergi í stráhusi sem Augusto leigir af systur sinni. Aðstæður voru óviðunandi áður en Augusto kynntist SOS Barnaþorpunum. Yngsta dóttir Augusto, Fani, var aðeins ungabarn þegar móðir hennar dó, og ólst því upp móðurlaus. Að eiga móður getur verið afar mikilvægt fyrir stúlkebörn í Gíneu-Bissá, ekki bara vegna umhyggju og umönnunar heldur einnig vegna þess að mæður í landinu eru líklegri til að fjárfesta í menntun allra barna sinna en feður.

Fjölskyldueflingin gefur tækifæri

Fjölskylda Augusto var tekin inn í fjölskyldueflingu SOS í desember árið 2011. Í fyrstu fékk fjölskyldan grunnstuðning til að tryggja velferð barnanna, það er hrisgrjón, olíu, sykur, lyf og skólalát. Einnig fékk fjölskyldan

hreinlætisvörur til að komast hjá sýkingum. Að auki fór Augusto á námskeið í rekstri lítilla fyrirtækja og fékk í kjölfarið örlán til þess að koma viðskiptum af stað. Hann hóf að ala og selja svín og nú borgar hann reglulega af láninu og hagnast nægilega til að geta tekið sparnað frá. Fyrir sparnaðinn hefur Augusto hingað til getað steypt herbergið sitt og keypt þrjú rúm og þrjár dýnur, og nú getur hann, Fani og barnabörnin lifað við lágmarkslífsgæði. Fani er nú 13 ára og er í sjötta bekk í einkaskóla, en reglulega eru verkföll í ríkisreknum skólum á svæðinu og því eru þeir ekki eins tryggir valkostir. Hún þekkir réttindi sín, líður vel og fær aðstoð frá föður sínum við lærdóminn. Augusto sjálfur er afar duglegur að mæta á fundi og fá þjálfun frá fjölskyldueflingunni.

Stærsti draumur Augusto er að fá næga innkomu til að geta byggt sér hús. Fani stefnir á að starfa sem hjúkrunarkona í framtíðinni til að geta hjálpað konum og börnum í neyð.



Augusto hjálpar Fani við heimalcærdóminn



Fyrir utan heimili sitt í Bissá



Fjölskylduvirir gera okkur kleift að segja svona sögur!

Fjölskylduvirir styrkja Fjölskyldueflingu SOS með föstum mánaðarlegum framlögum. Nánari upplýsingar er hægt að finna á www.sos.is

UPPRENNANDI FÓTBOLTASTJÖRNUR

MAVIS CHIRANDU SPILAÐI Á ÓLYMPÍULEIKUNUM Í RÍÓ

Mavis Chirandu ólst upp í SOS Barnaþorpinu Bindura í Simbabve og vakti snemma athygli fyrir mikla hæfileika í fótbolta. Í ár spilaði Mavis, sem nú er 21 árs, á Ólympíuleikunum með landsliði Simbabve, The Mighty Warriors.

Mavis kom til SOS Barnaþorpsins í Bindura þegar hún var eins árs. Tíu ára fór hún að sýna fótbolta áhuga og spilaði reglulega í þorpinu með SOS-bræðrum sínum og –systur. Hún varð hluti af fótboltaliðinu í Hermann Gmeiner skólanum við þorpið og fór að vekja athygli fyrir hæfileika sína þegar hún var 11 ára.

Árið 2010 tók stúlkalið SOS Barnaþorpanna í fótbolta þátt í fótboltakeppni, og Mavis fékk athygli frá ýmsum fótboltapjálfurum sem hvöttu þjálfara SOS-liðsins til að gefa henni meiri athygli og tíma í þjálfun. Þann tíma fékk

hún, enda mikilvægt að sýna stúlkum með hæfileika í íþróttinni athygli, en í Simbabve sem og víðar er fótbolta álitinn karlaíþrótt. Hún var svo valin til að spila í landsliði ungmenna undir 17 ára árið 2011 og hélt áfram sem fyrirliði í U20 landsliðinu. Nú spilar hún í landsliði Simbabve og hefur þegar ferðast til níu landa til að keppa í alþjóðlegum og svæðisbundnum keppnum með liði sínu.

Mavis hefur sýnt fram á að hún er kröftugur, hæfileikaríkur og ákveðinn íþróttamaður. Hún stefnir á að verða atvinnumaður í fótbolta og dreymir um að spila í alþjóðlegu íþróttafélagi líkt og Liverpool Ladies eða Arsenal LFC.

Mavis spilaði á Ólympíuleikunum í fyrsta skipti í ár og var yngsti leikmaður liðs síns. Hún stóð sig gríðarlega vel og skoraði til að mynda mark gegn Kanada. Það verður mjög spennandi að fylgjast með Mavis í framtíðinni.



Mavis er lengst til hægri í fremri röðinni



Mavis æfir stíft - Jekesai Njikizana/Al Jazeera



„FÓTBOLTI BREYTTI LÍFI MÍNU“

Hassan* er 17 ára strákur sem hefur átt erfitt líf. Hann sat í fangelsi áður en hann kynntist SOS Barnaþorpinum í Damaskus, Sírylandi, þar sem hann fann langþráða umhyggju og tækifæri til að rækta hæfileika sína í fótbolta.

Hassan fæddist í Dier Al-Zor í austur Sírylandi. Hann missti foreldra sína þegar hann var átta ára. Faðir hans fannst látinn eftir of mikla drykkju og móðir hans dó stuttu seinna.

Við níu ára aldur varð Hassan heimilislaus og neyddur til að búa á götunni þar sem hann betlaði sér til matar. Einn daginn vakti lögreglan hann, sakaði hann um betl og flutti hann í fangelsi í Damaskus.

Árið 2011, upphafsár stjórnmalakrisu Sírylands, nýtti Hassan og aðrir fangar sér óreiðuna í samfélaginu og flúðu fangelsið. Þá hafði Hassan setið inni í tvö ár. Hann fór aftur á götuna.

Hassan kynntist fótbolta þegar hann var heimilislaus. Rakari í hverfi þar sem Hassan betlaði reglulega kynnti hann fyrir fótboltaliði úr hverfinu. Hassan hóf að spila reglulega og þegar hann vann fékk hann oft eitthvað að borða, drekka eða stað til að sofa á frá tapliðinu. Þannig hjálpuðu spilararnir hverjum öðrum. Það var þarna sem Hassan, að eigin sögn, varð ástfanginn af fótbolta. Nú æfir hann á hverjum degi í SOS Barnaþorpinu í Damaskus. Fótbolti hjálpaði honum að losa sig við slæman lífsstíl sem hann kynntist í fangelsinu, þar sem mikið var um

drykkju, reykingar og önnur eiturlyf. Honum finnst einnig frábært að geta nú haft góð áhrif á börn sem hafa verið í sömu stöðu og hann og styrkt þau í að láta drauma sína rætast.

„Ég er góð manneskja og þurfti bara einhvern til að elska mig sem barn. Ég þurfti á einhverjum að halda sem sýndi mér hæfileikana sem ég hef. Ég vildi fá fólk til að elska mig, en að betla fékk fólk til að hata mig fyrir það sem ég var. Í fótbolta dæmir mig enginn fyrir þann sem ég var. Allir styðja góðu eiginleika mína. Hæfileikarnir mínir hafa loksins komið í dagsljósið þrátt fyrir stríðið í Sírylandi. Ég fékk viðurkenningu og lærði að viðurkenna aðra,“ segir Hassan, sem stefnir á atvinnumennsku í fótbolta.

*Nafninu hefur verið breytt vegna persónuverndar.



Hassan ásamt liði sínu

ULLA MAGNÚSSON

Samstarfsfólk minnst Ullu

Ulla Magnússon, stofnandi og fyrsti starfsmaður SOS Barnaþorpanna á Íslandi, lést þann 27. maí síðastliðinn eftir stutt veikindi. Ulla starfaði með samtökunum, sem formaður og stjórnarformaður, þar til í apríl síðastliðinn. Ulla var afar vel liðin hjá starfsfólki SOS Barnaþorpanna á alþjóðavísu og þekkt fyrir mikinn drifkraft og jákvæða orku. Hér eru umsagnir frá samstarfsmönnum Ullu sem gefa innsýn í áhrif hennar á starfsemi SOS Barnaþorpanna.

„...hún hefur til margra ára verið afar dýrmætur og staðfastur hluti af samræðum okkar um hvernig hægt er að gera meira fyrir börnin sem eru á okkar vegum.“

Svein Grønnern, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna í Noregi

„Ulla var ein þerra fyrstu sem ég hitti hjá SOS þegar ég hóf þátttöku... Hún var grjóthörð! Sterk og blíð á sama tíma. Ég hef alltaf dæð hana og mun halda því áfram.“

Roberta Capella, yfirmaður fjáröflunar og kynningarmála Alþjóðasamtaka SOS Barnaþorpanna

„...frábær, ógleymanleg, töfrandi og aðdáunarverð manneskja!“

Robert Hubmann, fyrrverandi tengiliður alþjóðaskrifstofu SOS við samtökin á Íslandi

„Á þeim stutta tíma sem ég þekkti hana var Ulla ávallt ástríðufull, heiðarleg og afar mannleg. Alltaf ákveðin í að gera sitt besta fyrir börnin og vel metin af samstarfsfólki og vinum.“

Sophie Glesener, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna í Lúxemborg

„Hún var virkilega mögnuð manneskja.“

Ég man vel eftir árunum þegar við hittumst reglulega á framkvæmdastjórafundum. Hún var svo SOS-innrætt. Góð við alla og full af orku og jákvæðni.“

Hilde Boeykens, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna í Belgíu

„Ég mun minnst Ullu fyrir margna hluti. Ástríða, sterk gildi og jákvæð hugsun standa þar hæst.“

En ég mun einnig minnst sterks stuðnings frá henni til samstarfsmanna minna og mín. Hún gladdi okkur þegar starfið var erfitt og stundum sagði hún: Farðu varlega, þetta lítur út fyrir að vera að fara í rangan farveg. Af hverju prófarðu ekki þetta...“ En hún talaði alltaf uppbyggilega og meinti vel.

Það sem hún gerði úr samtökunum okkar á Íslandi, með drifkrafti sínum og stuðningi frá starfsmönnum SOS á Íslandi, er ótrúlegt - fyrirmynd fyrir alla!

Ég mun heldur ekki gleyma heimsókninni minni og tímanum sem ég varði með henni á Íslandi. Það voru dýrmætar og einstakar stundir í lífi mínu.“

Richard Pichler, fyrrverandi aðalframkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka SOS Barnaþorpanna

„Á meðal margs góðs fólks sem við höfum þau forréttindi að hitta innan SOS var Ulla sú sem hafði góðu ráðin og skemmtilega húmorinn. Hún var uppspretta sterkrar og hlýrrar orku. Ég get heyrt hláturinn hennar akkúrat núna. Hún bauð upp á íslenska menningu í Innsbruck og það var og er enn afar góður kostur fyrir okkur öll.“

Wilfried Vyslozil, stjórnarformaður SOS Barnaþorpanna í Þýskalandi

„Ulla var frábær starfsmaður, svo fagmannleg, vingjarnleg og fyndin, líka á erfiðum tímum. Það var alltaf mjög gott að tala við hana og hlusta á fróðlegar athugasemdir hennar.“

Christian Moser, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna í Austurríki



Ulla fær afhend heiðursverðlaun SOS Barnaþorpanna árið 2009



Ulla ásamt hópi kvenna í SOS Barnaþorpi á Indlandi.



Ulla ásamt framkvæmdastjóra SOS í Kanada.



Vigdís Finnbogadóttir gerist styrktarforeldri

LANDKYNNINGAR SAMBÍA



Strákur situr fyrir framan heimili sitt í Barnabörpinu Chipata í Sambíu

Sambía er staðsett í suðurhluta Afríku og á landamæri við Lýðveldið Kongó í norðri, Tansaníu í norðaustri, Angóla í vestri, Namibíu, Simbabve, Mósambík og Botsvana í suðri, og Malaví í austri. Í landinu eru um 16 milljónir íbúa, sem flestir búa við höfuðborgina Lusaka í suðri og Copperbelt fylkið í norðvestri.

Sambía var eitt sinn mikilvægt koparframleiðsluríki en vegna pólitískra örðugleika eftir sjálfstæði ríkisins árið 1964 og lækkun á koparverði í heiminum hefur landið orðið eitt það fátækasta í heiminum. Nú lifir meira en 60% þjóðarinnar undir fátæktarmörkum.

Fátæktin er mest á landsbyggðinni þar sem skortur er á grunnþörfum á við vatn, hreinlætisaðstæðu og húsnæði. Þrátt fyrir mikið og frjósamt land er reglulega matarskortur í landinu. Munur á fjárhag milli borgar og sveita hefur aukist undanfarin ár á kostnað landsbyggðarinnar.

Að vera barn í Sambíu

Þrátt fyrir að lög til verndar börnum í Sambíu séu vel ígrunduð sýnir raunveruleikinn að mikið er brotið á réttindum barna í landinu. Meginástæða þessara brota eru sundraðar fjölskyldur og aðstæður þeirra, bæði efnahagslegar og félagslegar.

1.400.000 börn í Sambíu hafa misst annað eða báða foreldra og fyrir þennan hóp barna er til að mynda afar erfitt að nálgast góða menntun. Án menntunar eru erfiðleikarnir sem börnin þurfa að ganga í gegnum líklegir til að fylgja þeim fram á fullorðinsár. Börnin byrja snemma að vinna erfiðisvinnu eða betla og ungar stúlkur eru neyddar til að stunda kynlífssölu til að aðstoða við fjárhag fjölskyldunnar.

Undanfarin ár hafa átök gegn mæðra- og ungbarnadauða verið sett í gang og sum þeirra hafa reynst vel. Nú er

hlutfall mæðradauða 440 á hverjar 100.000 fæðingar. Mörg börn hafa misst mæður sínar vegna alnæmis, en mikið er lagt upp úr því að greina alnæmi í mæðrum og forðast smit.

SOS Barnabörpin í Sambíu

Landsskrifstofa SOS Barnabörpanna í Sambíu var stofnuð árið 1996. Samtökin fengu landaskika úthlutaðan í höfuðborginni Lusaka þar sem þau hófu störf. Í dag starfa samtökin á fjórum stöðum í landinu og bjóða upp á umönnun, menntun, heilbrigðisþjónustu og verknám. Aðalmarkmið fjölskylduefingarinnar í landinu er að berjast gegn alnæmisfaraldrinum með stuðningi við fjölskyldur sem smituð eru af sjúkdómnum.



Stúlkur frá SOS Barnabörpi í El Salvador

EL SALVADOR

El Salvador er minnst og þéttbýlasta land Mið-Ameríku. Það á landamæri við Hondúras í norðri og austri, Gvatemala í vestri, Kyrrahafið í suðri og Fonseca-flóa í suðaustri. Landið hefur um 6 milljónir íbúa og þar af búa tvær milljónir í höfuðborginni San Salvador.

Fjárhagur landsins byggðist aðallega á landbúnaði forðum daga og landið var mikið kaffiframleiðsluland. Nú er landið ekki eins háð kaffiútlutningi og áður, þó að kaffiframleiðsla sé enn stór hluti af efnahag landsins. Mikil iðnvæðing hefur átt sér stað undanfarið en landið berst þó enn við mikla fátækt, misrétti og háa glæpatíðni.

Borgarastyrjöld og náttúruhamfarir

Borgarastyrjöld hélt íbúum El Salvador í heljargreipum á árunum 1980-1992. Á þessum árum dóu hátt í 75.000 manns og mun fleiri neyddust til að flýja landið. Landið hefur reglulega orðið fyrir barðinu á náttúruhamförum, þá sérstaklega jarðskjálftum og fellibyljum. Árið 2001 ollu tveir jarðskjálftar dauða meira en þúsund íbúa og 130 dóu af völdum fellibylsins Ida í landinu árið 2009. Félagsslegur vandi er enn til staðar í landinu og hefur jafnvel orðið verri eftir að stýrjöldinni lauk. Á hverjum

degi eru 12-15 manneskjur myrtar. Um 23% þjóðarinnar hefur ekki aðgang að hreinu vatni og 30% eru undir fátækramörkum.

Að vera barn í El Salvador

Börn eru helstu fórnarlömb fátæktar. Mörg börn alast upp á götum San Salvador án foreldra og verða ung meðlimir í götugengjum þar sem þau verða fórnarlömb mikillar grimmdar. Nánast helmingur barna undir 15 ára í landinu gengur ekki í skóla og um 20% götubarna eru smituð af alnæmi. Ein ástæða þessa fjölda smitaðra er að tæplega helmingur þeirra sem vinna við kynlífsþjónustu í höfuðborginni er undir lögaldri.

SOS Barnabörpin í El Salvador

Það var að vissu leyti fyrir tilstilli Fransiskusmunks sem SOS Barnabörpin komu til El Salvador. Munkurinn kynntist samtökunum við störf í nágrennaríkinu Hondúras árið 1970 og hugmynd SOS um langtímaumsjá vakti aðdáun hans. Tveimur árum seinna, 1972, hófu SOS Barnabörpin störf í El Salvador.

Í dag eru SOS Barnabörpin á fimm svæðum í landinu þar sem er boðið er upp á dagvistun, menntun og verknám, auk langtímaumsjár í barnabörpunum fimm. Frá árinu 2005 hafa SOS Barnabörpin að auki unnið að fjölskyldueflingu í landinu til að styðja við sárafátæk börn og fjölskyldur þeirra.



SYNGUR Í 80 LÖNDUM TIL STYRKJAR SOS BARNÞORPUNUM

Hin 10 ára gamla Capri frá Kanada situr aldeilis ekki auðum höndum. Hún hefur spilað á píanó og sungið frá 5 ára aldri. Eftir að hafa lesið bók um börn sem höfðu það ekki eins gott og hún langaði hana að láta gott af sér leiða. Hún sagði foreldrum sínum frá því að hún vildi gera eitthvað fyrir þessi börn og í kjölfarið fór fjölskyldan að skipuleggja. Þau ákváðu að ferðast til 80 landa og syngja þjóðsöng innfæddra í öllum löndunum og um leið safna fjármagni fyrir börn í neyð. Eftir að hafa rannsakað ýmis góðgerðarfélag ákvað Capri að styðja við SOS Barnaþorpin.

Förin hófst þann 20. nóvember 2015 í Ottawa, Kanada, og síðan þá hefur hún ferðast um Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Evrópu. Ísland var síðasta stopp Capri og fjölskyldu hennar áður en þau ferðuðust til Bandaríkjanna.

Hér í Reykjavík söng Capri íslenska þjóðsöngin með krökkum úr sólblómaleikskólanum Rauðuborg. Viðburðurinn var haldinn við Hallgrímskirkju þar sem fjöldi áhorfenda fylgdist með. Hægt er að fylgjast með ævintýrum Capri og fjölskyldu hennar á síðunni www.80anthems.com.



Capri söng fyrir utan Hallgrímskirkju við mikla hrifningu viðstaddra

BARNÞORP FRAMTÍÐARINNAR

Virkt endurmat og betrubætur á barnaþorpum eru nauðsynlegar til að tryggja að börn og foreldrar sem SOS Barnaþorpin aðstoða fá bestu aðstoð sem völ er á. SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr að laga barnaþorp að nærsamfélagi þeirra og „Barnaþorp framtíðarinnar“ er liður í því starfi. Verkefnið hefur að markmiði að svara þörfum barna og fjölskyldna á vegum SOS Barnaþorpanna eins og best verður á kosið í þeirra umhverfi.

Barnaþorp morgundagsins geta verið af ýmsum toga. Um getur verið að ræða þörf fyrir nýtt verkefni frá grunni, þörf á að endurbæta verkefni sem nú þegar er til eða þörf fyrir að styrkja starf verkefnis og gera það sjálfbærara.

Helst er verið að sjá til þess að starfsemi barnaþorpa og fjölskyldueflingar sé eflid, að samband SOS-foreldra og barna sé sterkt, að blóðsystkini fái að búa saman og að reynt sé að komast hjá öllum stofnanabrag. Einnig er unnið að því að barnaþorpin séu vel löguð að samfélaginu í kring um þau.

Þetta starf er gríðarlega mikilvægt til að hægt sé að fara eftir stefnu SOS Barnaþorpanna um persónulega nálgun.

Vegna þess hversu dreift starf SOS Barnaþorpanna er á heimsvísu er mikilvægt að skoða hvert og eitt starfssvæði fyrir sig, því ólíkar lausnir henta ólíkum samfélögum og SOS Barnaþorp eru afar fjölbreytt.




HVERT FARA FRAMLÖGIN?

Það er bæði gagnlegt og gaman að vita hvert framlög styrktaraðila fara. Hér að neðan má sjá hvaða heimsálfur styrktarforeldrar styrkja helst og einnig tekjur og útgjöld SOS Barnaþorpanna á Íslandi frá árinu 2015. Því fjármagni sem fer ekki beint til styrkþega er varið í fjáröflun, umsýslu og eftirlit hér heima og á alþjóðavísu. Með því fjármagni er meðal annars tryggt að starfsemi SOS á alþjóðavísu fari rétt fram og að stuðlað sé að öryggi skjólstaðinga samtakanna.

Áhugasamir geta skoðað


<http://www.sos.is/sos-a-landi/fjarmal> til að vita meira.

Útgjöld SOS Barnaþorpa 2015




Heildartekjur 473.341.377
Heildarútgjöld 463.301.533
Rekstrarafgangur 10.039.844

Framlög styrktarforeldra árið 2015 eftir heimsálfum



Heildarframlög og gjafir til styrktarbarna voru samtals 317.557.323 kr.

Tekjur SOS Barnaþorpa 2015



Heildartekjur 473.341.377
Heildarútgjöld 463.301.533
Rekstrarafgangur 10.039.844

STÆKKADU FJÖLSKYLDUNA

Að gefa af sér getur gefið mikið til baka. Að styrkja barn er ein leið til þess og að gerast styrktarforeldri getur verið afar jákvæð, hjartnæm og persónuleg reynsla. Styrktarforeldrar eiga oftast en ekki í langvarandi sambandi við styrktarbörn sín og fylgja þeim jafnvel fram á fullorðinsár.

Að gerast styrktarforeldri er einfalt, gefandi og skemmtilegt.

Vilt þú stækka fjölskylduna þína?

Kíktu inn á www.sos.is til að fræðast meira og gerast styrktarforeldri.



VILTU GEFA STYRKTARBARNINU ÞÍNU GJÖF INN Á FRAMTÍÐARREIKNING?

Vinsamlegast leggðu þá inn á
eftirfarandi reikning:

ATH.

Þessi reikningur er
aðeins ætlaður fyrir
framfíðargjafir
barna.

REIKNINGSNÚMER: 0334-26-51092

KENNITALA: 500289-2529

Þú getur einnig gefið barninu þínu gjöf á
„Mínum síðum“ minarsidur.sos.is



Þær peningagjafir sem greiddar eru
inn á þennan reikning fara óskiptar til
viðkomandi barns. Upphæðin er lögð
inn á framtíðarreikning í viðkomandi
landi á nafni barnsins og fær barnið svo
peninginn þegar það yfirgefur þorpið og
fer að standa á eigin fótum.

Um er að ræða frábæra leið til að auka
möguleika barnsins þíns enn frekar í
framtíðinni en til að mynda er algengt
að sjóðurinn nýtist til íbúðarkaupa eða
fjármögnunar á frekara námi.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

